

Jóla-skólalíf

Jólin koma

Skólastarfið er auðvitað farið að bera þess merki að jólin eru framundan. Þegar þetta er skrifað er búið að skreyta jólatréð í matsalnum, setja ljós í glugga, skreyta stofur og kveikja á jólatrénu á skólalóðinni. Það var gert í morgunskímunni þann 1. desember og fjölmenntu nemendur og starfsmenn út, gengu kringum tréð og sungu tvö jólalög. Þessi stund er alltaf svolítið spennuþrungin, enda markar hún upphaf jólaundirbúnings í skólanum.

Gjöf frá Kvenfélagi Þorlákshafnar

Grunnskólinn í Þorlákshöfn hefur ávallt notið velvildar í samfélaginu. Félagasamtök og einstaklingar hafa sýnt hollustu sína við skólann og ungviði bæjarins á ýmsan hátt. Nú í desember komu konur úr Kvenfélagi Þorlákshafnar færandi hendi í skólann og gáfu peninga sem nýttir skyldu í þágu unglingsanna í skólanum þó svo að það nýtist að sjálfsögðu öðrum nemendum skólans. Ákveðið var að kaupa húsgögn, teppi, lampa, spjaldtölvur, hátalara, spil og fleira til að gera „glerhýsið“ vistlegra til dæmis fyrir frímínútnasamveru. Kvenfélag Þorlákshafnar fær innilegar þakkir fyrir hlýhuginn frá nemendum og starfsfólki skólans.

Foreldrakynningar

Talsvert hefur færst í aukana að foreldrum sé boðið í morgunkaffi og verkefnakynningar inn í bekkina. Nú í nóvember buðu 5. bekkingar foreldrum sínum á sýningu á landnámsverkefni sem þau hafa unnið í haust. Sýningin gekk vel og alltaf gaman að fá foreldra í heimsókn í skólann.

Verum ástafangin af lífinu!

Þorgrímur Þráinsson rithöfundur kom í nóvember og hélt fyrirlestur fyrir nemendur 10. bekkjar undir yfirskriftinni hér að ofan. Þar talaði hann um jákvætt hugarfar, sjálfsmynd unglings, markmiðssetningar í lífinu og samskipti. Þorgrímur hefur sem íþróttamaður, þjálfari og höfundur unglingsbóka góða innsýn í hugarheim unglings og nær vel til þeirra, enda féll fyrirlesturinn í góðan jarðveg hjá krökkunum.

Dagur íslenskrar tungu

Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur í skólanum á fæðingardeggi Jónasar Hallgrímssonar, 16. nóvember. Unnin voru verkefni á öllum aldurstigum í upplestri, framsögn, myndbandagerð og tónlist auk þess sem rithöfundar heimsóttu skólann og lásu úr verkum sínum fyrir nemendur.

Samtökin 78 í heimsókn

Þriðjudagurinn 5. nóvember var í skólanum helgaður kynningu á starfsemi Samtakanna 78. Fyrir hádegi komu fulltrúar samtakanna og töluðu við nemendur í 6.-

10. bekk um málefni „hinsegin“ fólks. Fyrirlestrarir voru í hverjum bekk fyrir sig og í lok þeirra gafst tími fyrir spurningar og umræður. Farið var yfir fjölbreytileikann sem samtökin standa fyrir og þá fordóma sem smám saman fara minnkandi með aukinni fræðslu bæði í skólum og samfélaginu almennt. Starfsfólk skólans fékk síðan fræðslu í lok dags; svipaða kynningu og nemendur um fjölbreytileikann en einnig var farið yfir æskilegt viðmót gagnvart „hinsegin“ nemendum sem koma í skólann. Bæði nemendur og starfsfólk voru afar ánægðir með þennan fræðsludag.

Jóla, jóla, jóla

Desember er eins og alltaf að mikli leyti helgaður undirbúningi jólanna. Starfsmannafélagið stóð fyrir jólaföndri fyrir starfsfólk þann 29. nóvember og foreldrafélagið bauð upp á jólaföndur fyrir nemendur og foreldra síðdegis þann 30. nóvember. Þar var einnig vöflusala 10. bekkjar og blómabúðin bauð jólaskreytingar til sölu samkvæmt óskum kaupenda. Þetta var ákaflega vel heppnuð samverustund við kertaljós og jólatónlist.

Jólabingó 10. bekkjar var haldið 6. desember og var fjölsótt. Glæsilegir vinningar voru í boði en nemendur leituðu til fyrirtækja í Þorlákshöfn og nágrenni eftir vinningum og fengu góðar viðtökur. Ágóðinn rennur í ferðasjóð bekkjarins vegna vorferðar í Skagafjörð.

Jólakvöldvaka miðstigs var haldin 7. desember og yngsta stigs þann 12. desember. Dagskráin þessara skemmtana var hefðbundin; kórsöngur, leikin leikrit, sungin jólalög, hljóðfæraleikur og jólaguðspjallið sett upp. Jólaskemmtun unglíngastigs verður fimmtudaginn 14. desember og verður að þessu sinni með breyttu sniði. Nemendur ætla að bjóða foreldrum í heimsókn í skólann seinnipart dags, standa fyrir samkeppni í byggingu og skreytingu piparkökuhúsa og bjóða upp á kaffi og eitthvað góðgæti með. Þegar foreldrarnir fara til síns heima ætla krakkarnir að borða saman jólamat og skemmta sér fram eftir kvöldi.

Föstudaginn 15. desember koma nemendur í tvennu lagi á sal og dansa í kringum jólatréð við undirleik jólasveinahljómsveitar skólans. Skólastarfinu árið 2017 lýkur svo með kertadegi þann 20. desember. Þá á hver bekkur notalega samverustund í stofu sinni með umsjónarkennara áður en jólafrí hefst.

Starfsfólk og nemendur Grunnskólans í Þorlákshöfn senda bæjarbúum og öðrum lesendum Snæfinns bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár og þakka um leið vinum og velunnurum skólans allt gott á liðnum árum.

Sigprúður Harðardóttir